

# AUGLÝSING

## um umferð á Egilsstöðum.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Austur-Héraðs hefur verið ákveðið að setja eftirfarandi reglur um umferð á Egilsstöðum:

- I. 1. Aðalbrautir eru:
  - 1.1. *Fagradalsbraut*.
  - 1.2. *Tjarnarbraut*, þó þannig að umferð um hana víki fyrir umferð um Fagradalsbraut.
  - 1.3. *Skógarlönd*, þó þannig að umferð um hana víki fyrir umferð um Tjarnarbraut og Borgarfjarðarveg.
  - 1.4. *Árskógar*.
  - 1.5. *Selás*, þó þannig að umferð um hana víki fyrir umferð um Fagradalsbraut og Tjarnarbraut.
  - 1.6. *Lagarás*, þó þannig að umferð um hana víki fyrir umferð um Fagradalsbraut og Selás.
2. Umferð um Fénaðarklöpp víki fyrir umferð um Vallaveg, Kaupvang og Tjarnarás.
3. Umferð um Hamrahlíð, Hjarðarhlíð og Bjarkarhlíð víki fyrir umferð um Fénaðarklöpp.
4. Umferð um Furuvelli víki fyrir umferð um Sólbrekku.
5. Umferð um Flugvallarveg víki fyrir umferð um Austurlandsveg.
6. Umferð um Flugvallarhlað víki fyrir umferð um Flugvallarveg.
7. Umferð um Árhvamm víki fyrir umferð um Borgarfjarðarveg og Árskóga.
8. Umferð um Miðás víki fyrir umferð um Fagradalsbraut.
9. Umferð um Kaupvang víki fyrir umferð um Fagradalsbraut.
10. Umferð um Tjarnarás víki fyrir umferð um Fagradalsbraut.
- II. 1. Bannað er að leggja ökutækjum á vesturbrún Seláss á milli Fagradalsbrautar og Skjólbrekku og Laufáss og Tjarnarbrautar.
2. Bannað er að leggja ökutækjum á vesturbrún Laufáss.
3. Bannað er að leggja ökutækjum á suðurbrún Skógarlanda.
4. Bannað er að leggja ökutækjum á vinstri brún Bláskóga miðað við akstursátt.
- III. 1. Vinstri beygja af Fagradalsbraut inn að söluskála Skeljungs hf. er bönnuð.
2. Einstefna er til norðurs á tengibraut frá Fagradalsbraut að söluskála Skeljungs hf.
3. Ökutækjum, lengri en 6 metrar, er bönnuð umferð um bifreiðastæði við hús nr. 9 og 11 við Fagradalsbraut (Fagratorg).
4. Einstefna er um Bláskóga frá norðri til suðurs.

Reglur þessar taka þegar gildi og falla um leið niður allar eldri auglýsingar um umferð á Egilsstöðum.

Ofangreindar reglur staðfestar.

*Seyðisfirði, 29. mars 1999.*

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði,

**Lárus Bjarnason.**